

Ed.

778. Frumvarp til laga

[61. mál]

um tannlækningar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 576 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra. Ráðherra staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að landlæknir er formaður hennar, en einn nefndarmaður skal tilnefndur af Tannlæknafélagi Íslands og annar af tannlækna-deild Háskóla Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal einnig tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni. Tannlæknir á rétt til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefndinni, að hann hafi lokið sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er skv. fyrrnefndum reglum.

8. gr. hljóðar svo:

Tannlæknum er heimilt að hafa sérhæft starfsfólk, enda hafi það, hvert á sínu sviði, hlotið löggildingu heilbrigðisráðherra að loknu viðurkenndu námi og prófi, svo sem mælt er fyrir í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Enn fremur er tannlæknum heimilt að láta tannlæknisefni, sem lokið hefur tíu missira námi við tannlækna-deild Háskóla Íslands, aðstoða sig við tannlæknisstörf, að svo miklu leyti sem tannlæknir treystir þeim til og tannlækna-deild Háskóla Íslands mælir með.

Heilbrigðisráðherra setur reglugerð um nám og starfssvið slíks starfsfólks tannlækna.

9. gr. hljóðar svo:

Sérhæft starfsfólk skv. 8. gr. hefur ekki heimild til að taka að sér, án tilvísunar tannlæknis, sjálfstæð verkefni á sviði tannlækninga. Hverjum öðrum en tannlæknum og sérhæfðum starfsstéttum við tannlækningar er óheimilt að vinna nokkurt það verk, sem undir tannlækningar heyrir.